

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 4. október 2013 stofnskrá Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 25. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla.

##### Heiti, tilgangur og verkefni.

###### 1. gr.

Safnið heitir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla og er stofnun í eigu og umsjón fimm sveitarfélaga sem standa saman að héraðsnefnd Snæfellinga. Stofnaðilar safnsins eru: Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær. Starfssvæði safnsins er Snæfellsnes og Hnappadalur. Aðsetur þess er í Norska húsinu, Hafnargötu 5 í Stykkishólmi.

###### 2. gr.

Hlutverk Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla er að starfa í þágu almennings, samkvæmt stofnskrá þessari, samþykktum sveitarstjórna, landslögum og alþjóðlegum samþykktum safna. Safnið starfar eftir gildandi safnalögum, nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar, nr. 80/2012. Safnið og stjórnendur þess, safnstjóri og stjórn, starfa jafnframt í samræmi við alþjóðlegar siðareglur safna sem gefnar eru út af Alþjóðaráði safna, ICOM (International Council of Museums).

Tilgangur safnsins er að safna og varðveita frumgögn (muni) samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti hið minnsta. Tilgangur safnsins felst einnig í að rannsaka og miðla safnkosti og upplýsingum um hann, menningu og sögu svæðisins m.a. með sýningarhaldi, fyrirlesturum, leiðsögn um safnið, útgáfu eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir.

Verkefni safnsins eru m.a. eftirfarandi:

- að vera héraðsnefnd Snæfellinga til ráðuneytis um hvaðeina sem varðar safna- og menningarmál svæðisins,
- að hvetja til kynningar og stuðla að aukinni þekkingu á safnastarfi og viðfangsefnum safnsins til innlendra og erlendra aðila,
- að halda utan um skráningu muna sem safninu berast samkvæmt viðurkenndu skráningarkerfi, merkja safngripi og gera grein fyrir uppruna þeirra og sögu eins og mögulegt er,
- að beita viðurkenndum aðferðum við forvörslu gripa,
- að tryggja öryggi safnkosts með videigandi og viðurkenndum hætti,
- að veita faglega ráðgjöf um meðferð og varðveislu menningarminja til safna á svæðinu eins og við verður komið,
- að veita fræðslu um viðfangsefni safnsins á sem fjölbreyttastan hátt,
- að sinna markvissri safnfræðslu í samvinnu við skólana á svæðinu,
- að hafa umsjón með viðhaldi og endurbótum á húsakynnum Byggðasafnsins,
- að vera í samráði við Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og aðrar þær stofnanir sem fara með safna- og menningarminjamál samkvæmt gildandi lögum.

Safninu er heimilt:

1. að gera í samráði við framkvæmdaráð Snæfellsness samninga við aðila utan og innan sýslunnar um þátttöku í einstaka verkefnum eða upþákomum.
2. að leigja sveitarfélögum aðstöðu í húsakynnum héraðsnefndar sem verða mætti til aukinnar kynningar á safninu og bættrar nýtingar húsakynnanna.
3. að stofna styrktarfélag, eitt eða fleiri, við Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Sama gildir um aðra styrki til einstaka verkefnasafnsins. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætluð til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

### **Stjórn Byggðasafnsins.**

3. gr.

Með stjórn safnsins fara:

1. Aðalfundur héraðsnefndar.
2. Framkvæmdaráð Snæfellsness.
3. Stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.
4. Forstöðumaður (safnstjóri) Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Hlutverk stjórnar er eftirfarandi, en að öðru leyti vísast til erindisbréfs nefndarinnar:

- að tryggja safninu viðunandi starfsaðstöðu,
- að tryggja fjármögnun safnsins,
- að gera tillögur til sveitarstjórna um stefnumörkun í helstu málefnum safnsins í samvinnu við starfsmenn,
- að hafa eftirlit með því að samþykktum og stefnu sé fylgt og að safnið starfi að lögum
- að tryggja sjálfstæði safnsins,
- að vera héraðsnefnd til ráðgjafar við ráðningu safnstjóra og tryggja að hann sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð,
- að semja og staðfesta stofnskrá.

4. gr.

Stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla er kosin á aðalfundi héraðsnefndar Snæfellinga að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Kjörtímabil er hið sama og héraðsnefndar. Framkvæmdaráð Snæfellsness setur sérstaka reglugerð fyrir verkefni stjórnar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

5. gr.

Í stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla skulu kosnir fimm fulltrúar af aðildar-sveitarfélögum, og jafnmargir til vara. Stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla er heimilt að kalla á fund nefndarinnar fulltrúa nefnda sveitarfélaganna á svæðinu sem hafa með safna- og/eða menningarmál að gera, þegar málefni sem þeim tengjast eru til umræðu.

Safnstjóri Byggðasafnsins hefur einnig seturétt í nefndinni með tillögurétt og málfrelsi. Kjörtímabil er hið sama og héraðsnefndar.

### **Starfsfólk safnsins.**

6. gr.

Ráða skal safnstjóra (forstöðumann) sem hefur menntun á sviði þjóðfræða, safnafræða eða á öðrum þeim fræðasviðum sem lúta að faglegu starfi safna.

Hlutverk safnstjóra er:

- að starfa í umboði stjórnar og vera starfsmaður héraðsnefndar Snæfellinga,
- að stuðla að uppbyggingu, eflingu og góðum viðgangi safnsins í samráði við stjórn þess,
- að vera í góðu samstarfi við og hafa aðgengi að eigendum safnsins,
- að afla safnmuna skv. söfnunarstefnu, skrá, varðveita, rannsaka og miðla safnkosti eins og hægt er m.a. með heimildasöfnun um menningarsögu og þjóðhætti,

að sjá um að sýningargripir byggðasafnsins séu í góðu ástandi og vel fyrirkomid eftir því sem aðstaða leyfir og hver hlutur þarfnast,  
að standa fyrir sýningum og kynningum á viðfangsefni safnsins,  
að hafa yfirumsjón með sýningarhúsnæði safnsins,  
að taka sjálfstæðar ákvarðanir fyrir safnið innan samþykktis fjárhagsramma, varðandi starfsmannamál, söfnun og lán á gripum,  
vinna í nánnum tengslum við stjórn safnsins að stefnumótun,  
að annast daglegan rekstur safnsins og bera ábyrgð á starfseminni gagnvart stjórn þess,  
að tryggja að safnið sé opið á ákveðnum tíma yfir sumarið,  
að fylgja alþjóðlegum siðareglum safna ICOM,  
að starfa faglega og í samræmi við háskólamenntun á sviði þjóðfræða, safnafræða eða annarra fræða er snerta söfn og safnastarf,  
að tryggja að öll lán á safngripum séu staðfest skriflega.

Heimilt er að ráða til safnsins starfsfólk án háskólamenntunar til að annast gæslu safnsins vegna opunar þess og í önnur þau störf sem ekki krefjast sérþekkingar að mati stjórnar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

### **Fjármál.**

#### **7. gr.**

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist af aðildarsveitarfélögum í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir ár hvert. Starfsár safnsins og reikningsár er frá 1. janúar – 31. desember. Fjármálaleg umsjón vegna Byggðasafnsins skal vera hjá framkvæmdaráði Snæfellsness. Bókhaldsleg umsjón skal vera hjá Stykkishólmsbæ. Stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla skal sjá til þess að rekstur safnsins sé samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun sem leggja skal árlega fyrir héraðsnefnd og vera hluti af rekstri hennar.

Forstöðumaður í samráði við stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla og framkvæmdaráð Snæfellsness skilar á hverju ári rekstrarreikningi yfir næstliðið starfsár og ársskýrslu. Í ársskýrslu skal gefa upplýsingar, sem eru mikilvægar við mat á fjárhagslegri stöðu safnsins og afkomu á reikningsárinu. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins. Þá skal ársskýrslan einnig gefa upplýsingar um fjölda starfsmanna á reikningsárinu. Rekstrarreikningur skal undirritaður af forstöðumanni og formanni stjórnar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Gerð rekstrarreiknings og ársskýrslu skal lokið í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund héraðsnefndar. Allur arður af starfsemi safnsins rennur til uppbyggingar þess.

#### **8. gr.**

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla er ekki rekið í hagnaðarskyni en mögulegir tekjustofnar safnsins eru þessir:

- a) aðgangseyrir og sala á þjónustu
- b) tekjur af útleigu rýma

### **Breytingar á samþykktum.**

#### **9. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukaaðalfundi héraðsnefndar að fengnum tillögum frá stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Breytingarnar verða að njóta samþykkis 2/3 hluta héraðsnefndarmanna sem mæta á fundinn, nema um sé að ræða breytingar, sem leiða af breyttri löggjöf. Breytingarnar skal því næst leggja fyrir safnaráð. Tillagna um breytingar á samþykktum skal getið í fundarboði aðalfundar.

**Byggðasafnið lagt niður.**

10. gr.

Ef safnið verður af einhverjum ástæðum lagt niður skal safnkosti þess ráðstafað af þáverandi stjórn þess og héraðnefnd Snæfellinga í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Öðrum eigum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

**Gildistaka.**

11. gr.

Samþykktir þessar taka strax gildi og koma í stað eldri samþykktá sem falla þar með úr gildi.